

Alþingi
Erindi nr. P 138/553
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefundasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Reykjavík, 7. desember 2009

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

Frumvarp til laga, þingskjal 293 - 257. mál um umhverfis- og auðlindaskatt

Hagsmunasamtök heimilanna vilja byrja á að þakka sýnt traust til að veita efnahags- og skattanefnd umsögn um frumvarpið. Samtökin sjá í raun ekki mikinn tilgang með umsögninni, þar sem reynsla samtakanna er að lítið hefur verið hlustað á varnarorð samtakanna undanfarna tæpa 11 mánuði. Er það þrátt fyrir að flest það hefur komið fram, sem samtökin hafa varað við. Hagsmunasamtök heimilanna skoða í sinni umsögn eingöngu þann þátt sem snýr að heimilum landsins.

Það er mat Hagsmunasamtaka heimilanna að nærri helmingur heimila beri ekki auknar álögur vegna verulegrar kaupmáttarskerðingar og gríðarlegra hækkana á höfuðstól skulda. HH hefur fullan skilning á aukinni tekjuöflunarþörf ríkisins í þessari stöðu, en það er algert forgangsverkefni að rjúfa bein tengsl skatta- og verðlagsbreytinga við þróun höfuðstólshækkunar lána heimilanna vegna áhrifa á verðbætur.

Miðað við hlutfallsútreikninga sem fylgja í athugasemd með frumvarpinu, þ.e. að kolefnisgjaldið valdi 0,07% hækkun vísitölu neysliverðs og auðlindaskatturinn 0,04% hækkun, þá er heimilunum sendur viðbótarreikningur upp á kr. 1.540 milljónir. Ofan á þessar kr. 1.540 milljónir eiga síðan eftir að bætast framtíðarverðbætur og vextir. Aðgerðin veldur því jafnframt að inn í hagkerfið bætast fleiri krónur, einmitt þegar mest ríður á draga úr peningamagni.

Til að stuðla gegn þessu hafa Hagsmunasamtök heimilanna lagt til 4% þak á árlega hækkun verðbóta frá 1.jan.2008. Slík aðgerð myndi sporna gegn óhóflegum verðbótaáhrifum á skuldsett heimili af aðgerðum eins og lagt er til í þingskjali 293 og mildað áhrif kaupmáttarskerðingar vegna þessara hækkana.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is

Marinó G. Njálsson, ritari

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður